



Fundargerð fræðslunefndar Skagastrandar

Fundur var haldinn fimmtudaginn 7. september 2023, kl. 16.00 í Höfðaskóla.

Á fundinn voru mætt:

Fræðslunefnd: Péturína L. Jakobsdóttir, Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson, Þórey Fjóra Aradóttir, Guðni Már Lýðsson og Kolbrún Á. Guðnadóttir.

Fulltrúar grunnskóla: Sara Diljá Hjálmarsdóttir, skólastjóri, Elva Þórisdóttir fulltrúi kennara og Helena Mara Velemir fulltrúi foreldra. Guðrún Elsa Helgadóttir, aðstoðar skólastjóri var fjarverandi.

Fulltrúar leikskóla: Sesselja Guðmundsdóttir, fulltrúi leikskólastjóra og starfsmanna. Ragnheiður Erla Stefánsdóttir fulltrúi foreldra. Lilja Guðlaung Ingólfssdóttir leikskólastjóri var fjarverandi

Aðrir: Þórdís Hauksdóttir fræðslustjóri og Ólafur Þór Ólafsson sveitarstjóri.

Péturína formaður stýrði fundinum og Jón Ólafur ritaði fundargerð.

Kosning ritara

Jón Ólafur Sigurjónsson var tímabundið kosinn ritari í stað Hrefnu Daggar Þorsteinsdóttur.

Grunnskóli

a) Skýrsla skólastjóra

Sara Diljá skólastjóri fór yfir skólaárið, nemendur eru 66 og ráðning kennara gekk vel. Mannabreytingar urðu litlar og starfshættir eru þeir sömu. Rætt var um þörf á endurskoðun skólareglna Höfðaskóla í ljósi þess að Sveitarfélagið Skagaströnd stefnir á að verða barnvænt sveitarfélag. Umræður urðu um símalausan skóla. Skólastjóri ætlar að senda út stutta könnun og kanna viðhorf foreldra/forráðamanna. Viðtalsdagur verða tveir á árinu og stigsskemmtun í kemur í stað árshátíðar árið 2023-24. Árshátíð verður haldin annað hvert ár og stigsskemmtanir á móti. Breytingar verða á skólabúðum á Reykjaskóla, dögum fækkað úr fimm í fjóra.

Skýrslan var til kynningar.

b) Starfsáætlun 2023-2024

Sara Diljá fór yfir starfsáætlun fyrir næsta skólaár.

Starfsáætlun Höfðaskóla fyrir skólaárið 2023-2024 var samþykkt samhljóða.

PLT



c) Fundargerð skólaráðs 30.08.23

Skólastjóri fór yfir fundargerð skólaráðs frá 30.08.23. Í fundargerð óska fundarmenn eftir opnun félagsmiðstöðvar fyrir nemendur 5-7 bekkjar. Málið var rætt og fékk það jákvæðar undirtektir. Samþykkt að færa erindið til umsagnar sveitarstjórnar. Í fundargerð voru einnig umræður um sparkvöllinn og stöðuna á grasinu á honum. Péturína L. fór yfir stöðuna á framkvæmdum en búið er að semja við fyrirtækið Metatron ehf sem ætlar að skipta um kurl á vellinum. Verkið er samvinnuverkefni Sveitarfélagsins og Ungmennafélagsins Fram.

Fundargerð var til kynningar

Leikskóli.

a) Skýrsla leikskólastjóra

Sesselja Guðmundsdóttir fór yfir málefni leikskólans í fjarveru leikskólastjóra, fjöldi barna veturinn 2023-24 er 37 og búið er að ráða í allar stöður. Úttekt sem gerð var á malbiki á leikskólalóð leiddi í ljós að ekki var um blæðingu að ræða. Sesselja fór yfir úttekt Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra á tækjum á skólalóð. Umræður sköpuðust um bág ástand leikskólalóðar og vonast er til að bætt verði úr sem fyrst í ljósi þess að það hefur verið til umræðu í langan tíma.

Skýrsla var til kynningar.

b) Leikskóladagatal 2023-2024 (með breytingum)

Staðgengill leikskólastjóra fór yfir áorðnar breytingar á leikskóladagatali varðandi tímasetningar á lotufundum sem samþykktar voru með tölvupósti til fræðslunefndar.

Skóladagatalið var samþykkt samhljóða.

c) Úttekt Heilbrigðiseftirlits

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra (HNV) heimsótti leikskólann eftir ábendingar foreldris um blæðingu í malbiki. HNV fór yfir lóð og slysaskráningu leikskólans og niðurstaðan var eftirfarandi:

1)

Ekki var að sjá neina blæðingu eða olíusmit frá nýju malbiki, en það á eftir að ganga frá jarðvegi í kringum malbikið. Í samtali við sveitarstjóra kom fram að það væri á döfnni.

2)

a) Tímabært er að endurnýja leiktæki á lóðinni og setja upp áætlun um það m.a. rennibraut sem er búið að margbæta, klifurhús og lúin timbur"bil" og mála strax og strjúka þeim þar til þeim hefur verið skipt út.

PLJ



b) bæta jarðvegi í þrep upp á hólín sem rennibraut stendur við.

c) bæta þarf fallsvæði í kringum klifurgrind en fallsvæðið þarf að ná lengra út frá grindinni.

d) Sníða þarf af nippur í augnhæð barna á trjádrumbum við sandkassa og bera á timbur.

Úttektin var til kynningar.

Önnur mál.

Umræður sköpuðust um fyrirkomulag vinnuskóla og sú spurning vaknaði af hverju börnum úr Skagabyggð væri ekki leyft að sækja vinnuskóla á Skagaströnd. Samastaða var um að félagsleg tengsl barna kæmu til með að eflast ef börn í Skagabyggð og Skagaströnd hefðu val um í hvoru sveitarfélaginu þau sækja vinnuskóla.

Menntastefna Sveitarfélagsins Skagastrandar


Þórdís Hauksdóttir fræðslustjóri fór yfir stöðu á menntastefnu sveitarfélagsins. Stefnt er að málþingi um stefnuna á skólaárinu.

Málið var til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 17:10


Péturína L. Jakobsdóttir


Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir



Jón Ólafur Sigurjónsson


Þórey Fjóra Aradóttir


Kolbrún Ágústa Guðnadóttir


Sara Diljá Hjálmarsdóttir

Ólafur Þór Ólafsson




Ólafur Þór Ólafsson


Elva Þórisdóttir

HELENA MARA VELEMIR

Sesselja Guðmundsdóttir




Þórdís Hauksdóttir


Ragnheiður Erla Stefánsdóttir


Kandi Mac Lison